

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 29/1989. **Samvinnusjóður Íslands hf.**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

**yfirborgarfégeta og**

**skiptaráðanda í Reykjavík f.h.**

**Þótabús Þorkels Guðmundssonar**

(Ólafur Axelsson hrl.).

Kaupleigusamningur. Gjaldþrot. Þinglýsing. Bifreiðaskráning.  
Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1989. Krefst hann þess, að við skipti á Þótabúi Þorkels Guðmundssonar í skiptarétti Reykjavíkur verði honum úthlutað söluandvirði bifreiðarinnar R-8088 samkvæmt afsali frá búinu 25. ágúst 1988, 700.000 krónum, af óskiptri eign búsins. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði tók stefndi þá afstöðu í máli þessu að sækja ekki þing, þannig að málið yrði dæmt á grundvelli framkominna sóknargagna. Við málflutning í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Um málavexti er það ágreiningslaust, að áfrýjandi og Þorkell Guðmundsson hafi í febrúarmánuði 1986 gert með sér leigukaupa-samning um bifreiðina R-8088, en Þorkell var leigubifreiðarstjóri og notaði bifreiðina við þá atvinnu. Með samningnum leigði áfrýjandi Þorkatli bifreiðina í 36 mánuði, og var leigutaka óheimilt að segja leigunni upp, en að leigutímanum liðnum átti hann einhliða kost á að kaupa bifreiðina til eignar. Leigugjald var miðað við stofnverð bifreiðarinnar þannig, að leigusali fengi það til baka með vöxtum á leigutímanum. Almennir skilmálar samningsins eru skýrir, og er ljóst, að áfrýjandi gerði hann til að fjármagna umráð Þorkels yfir bifreiðinni að hætti samninga um fjármögnunarleigu eða kaupleigu.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki ástæða til að rengja, að viðskipti þessi hafi í meginatriðum farið fram, eins og haft er eftir áfrýjanda í hinum áfrýjaða úrskurði. Samþykki hins skráða eiganda bifreiðarinnar, Ingólfs Sigurgeirssonar, var staðfest með áritun hans á samninginn. Var samningurinn tekinn til þinglýsingar og þá sem kvöð á bifreiðina, eins og að jafnaði gerist um leigusamninga. Á hinn bóginn var ekki hreyft við skráningu bifreiðarinnar á bifreiðaskrá. Var það ekki fyrr en 12. desember 1986, að bifreiðin var skráð þar af nafni Ingólfs og þá á nafn leigutakans, Þorkels Guðmundssonar, á grundvelli tilkynningar frá honum og Ingólfi í lögmæltu formi. Ekki er fram komið, að annað hafi legið að baki þeirri tilkynningu en þau viðskipti, sem hér um ræðir.

Í leigukaupasamningnum er tekið fram, að bifreiðin sé eign áfrýjanda. Staðfesti Þorkell það fyrir skiptarétti, þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota 12. apríl 1988, og lagði samninginn fram því til sönnunar, að bifreiðin væri ekki sín eign.

Í veðbókarvottorði borgarfégetans í Reykjavík frá 6. maí 1988 er bifreiðinni lýst þannig, að skráður eigandi sé Þorkell Guðmundsson. Undir fyrirsögninni „veðskuldir, kvaðir og önnur eignabönd“ er þess getið, að Þorkell Guðmundsson sé fremstur í röð kröfuhafa í bifreiðinni samkvæmt heimildarskjali útgefnu 27. febrúar 1986, og er efni skjalsins lýst svo í nánari skýringum: — „Samvinnusjóður leigir Þorkeli Guðvarðarsyni (sic) bifreiðina með kaupleigusamningi. Leigutaki má ekki selja eða veðsetja né leyfa aðför í bifreiðinni.“ Síðari málsliður þessarar skýringar höfðar til texta sama efnis í almennum skilmálum hins umdeilda leigukaupasamnings (gr. 9.0).

Frá sjónarmiði samningsaðila var það eðlileg tryggingarráðstöfun að þinglýsa leigukaupasamningnum í skráningarumdæmi bifreiðarinnar samkvæmt þáverandi ákvæðum 43. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Með vísan til þeirrar ráðstöfunar heldur áfrýjandi því fram, að samningurinn með árituðu samþykki Ingólfs jafngildi afsali til sín vegna ákvæða hans um eignarrétt leigusala. Auk samningsins liggur fyrir reikningur frá Þorkatli til áfrýjanda, þar sem kvittun er gefin fyrir fullu kaupverði bifreiðarinnar.

Stefndi mótmælir því ekki, að greiðsla á kaupverði bifreiðarinnar hafi runnið frá áfrýjanda til Ingólfs á sínum tíma. Hins vegar telur hann, að áfrýjandi hafi ekki tryggt sér sönnur fyrir eignarrétti að

bifreiðinni með þeim hætti, sem lög mæli um, þ.e. með því að láta skrásetja bifreiðina sem eign sína á ökutækjaskrá, sbr. 1. mgr. 14. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 og 3. gr. reglugerðar nr. 40/1976 um skráningu ökutækja. Hljóti réttur hans því að víkja fyrir rétti grandlausra skuldheimtumanna hins skráða eiganda, Þorkels Guðmundssonar.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að hinn þinglýsti leigukaupasamningur feli ekki í sér beina eignarheimild að bifreiðinni í þeim skilningi, að hann ryðji úr vegi þeim áhrifum af eiganda-skráningu á bifreiðaskrá, sem ráð var fyrir gert í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1978. Í máli þessu ræðst þetta meðal annars af því, að samningnum var þinglýst á grundvelli samþykkis frá skráðum eiganda, en ekki framsals frá honum, þ.e. sem eignarhafti samkvæmt 3. mgr. sömu greinar.

Á hinn bóginn verður að hafna því, að skuldheimtumenn í þrotabúi Þorkels þurfi ekki að taka tillit til samningsins. Enda þótt algengast sé um leigusamninga, að þeim sé þinglýst til hagsbóta fyrir leigutaka fremur en eiganda hins leigða, höfðu skuldheimtumenn ekki ástæðu til að ætla, að svo hlyti að vera um þennan samning. Ber þar fyrst og fremst að líta til efnis samningsins, sem er skýrt, að því er varðar stöðu áfrýjanda sem leigusala, og sem kvöð á bifreiðinni fól samningurinn í sér greinilegan fyrirvara um eignarrétt áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður þrotabúi Þorkels Guðmundssonar að sæta sömu takmörkun varðandi hina umdeildu bifreið og þrotamaðurinn sjálfur, þannig að áfrýjandi verði talinn leigusali að bifreiðinni með eignarrétt að henni gagnvart þrotabúinu. Greiðslur þrotamanns samkvæmt leigukaupasamningnum svöruðu til leigu fyrir sex fyrstu leigumánuðina, og er því ekki haldið fram, að hann hafi með þeim unnið til hlutdeildar í verðmæti bifreiðarinnar, sem bú hans geti nýtt sér. Fjákrafa áfrýjanda vegna áfallinnar leigu fyrir gjaldþrotið nemur hærri fjárhæð en andvirði bifreiðarinnar við sölu frá búi stefnda. Hann hefur lýst því, að kröfur hans á hendur búinu séu takmarkaðar við þetta andvirði. Ber á það að fallast, að honum sé heimilt að neyta réttar síns samkvæmt samningnum til að taka andvirðið til sín, eins og krafist er í máli þessu.

Rétt er eftir atvikum, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Viðurkennd er krafa áfrýjanda, Samvinnusjóðs Íslands hf., um greiðslu á söluandvirði bifreiðarinnar R-8088, 700.000 krónum, úr hinu stefnda þrotabúi Þorkels Guðmundssonar. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### S é r a t k v æ ð i

#### **hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Benedikts Blöndals.**

Ingólfur Sigurgeirsson var skráður eigandi bifreiðarinnar R-8088, er áfrýjandi samdi við Þorkel Guðmundsson um að lána honum fé til kaupa á bifreiðinni. Samningurinn veitti áfrýjanda ekki eignarréttindi yfir bifreiðinni, og breytir áritun Ingólfs Sigurgeirssonar á samninginn engu um það. Var og bifreiðin skráð á nafn Ingólfs í bifreiðaskrá til 12. desember 1986, er hún var skráð á nafn Þorkels Guðmundssonar.

Við teljum því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð.

#### **Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 10. nóvember 1988.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 6. október 1988.

Sóknaraðili, Samvinnusjóður Íslands hf., Reykjavík, kt. 691282-0829, gerir þær dómkröfur, að krafa hans, að fjárhæð kr. 1.045.745, auk áfallandi dráttarvaxta frá 15. apríl 1988 verði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar við skipti á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar.

Af hálfu varnaraðilja, þrotabús Þorkels Guðmundssonar, hefur ekki verið sótt þing í málinu og engar kröfur verið gerðar.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir málavöxtum, að hann og Þorkell Guðmundsson hafi hinn 27. febrúar 1986 gert með sér leigukaupasamning um bifreiðina R-8088, en hún er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1985. Þegar samningurinn var gerður, hafi bifreiðin verið eign Ingólfs nokkurs Sigurgeirssonar, sem hafi áritað leigukaupasamninginn og veitt samþykki sitt fyrir því, að honum yrði þinglýst. Hafi sóknaraðili keypt bifreiðina af Ingólfi til þess að leigja Þorkatli hana. Gengið hafi verið frá samningi þessum þannig, að fyrst var gerður leigukaupasamningur og honum þinglýst á bifreiðina R-8088 „sem eignarheimild sóknaraðilja að bifreiðinni“. Eignarheimild þessi hafi verið innfærð í þinglýsingabækur hinn 3. mars 1986.

Er samningnum hafði verið þinglýst, hafi Þorkell gert reikning á sóknar-

aðilja fyrir kaupverði bifreiðarinnar, að fjárhæð kr. 1.000.000, og greitt þá fjárhæð eiganda bifreiðarinnar. Hins vegar hafi aldrei komið til tals, að Þorkell yrði þá þegar eigandi bifreiðarinnar, heldur hafi verið ætlun aðilja, að ákvæði 9.0 í leigukaupasamningi skyldi gilda um réttarsamband leigusala og leigutaka, en þar sé kveðið á um fortakslausan eignarrétt sóknaraðilja að bifreiðinni.

Hinn 12. desember 1986 hafi það svo gerst án vitundar sóknaraðilja, að þeir Þorkell og Ingólfur Sigurgeirsson undirrituðu tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R-8088, og er Þorkell sagður kaupandi, en Ingólfur seljandi. Tílefni þeirrar skjalagerðar hafi líklega verið það, að Ingólfur hafi ætlað að tryggja, að hann fengi umráð yfir skrásetningarnúmerinu R-8088. Tilkynning þessi hafi verið afhent Bifreiðaeftirliti ríkisins hinn 12. desember 1986 og bifreiðin eftir það verið skráð eign Þorkels Guðmundssonar í bifreiðaskrá ríkisins þrátt fyrir þinglýsta eignarheimild sóknaraðilja í þinglýsingabókum.

Bú Þorkels Guðmundssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 12. apríl 1988. Sóknaraðili hafi lýst kröfu, að fjárhæð kr. 1.568.851, í þrotabúið með bréfi, dags. 14. apríl 1988, og lýst þeirri kröfu „utan skuldaraðar“. Þá hafi sóknaraðili verið búinn að segja leigukaupasamningnum upp og sú uppsögn tekið gildi 15. apríl 1988.

Sóknaraðili kveður skiptaráðanda í þrotabúi Þorkels Guðmundssonar hafa flokkað kröfu sóknaraðilja sem almenna kröfu. Hafi sóknaraðili andmælt þeirri afstöðu á skiptafundi og krafist þess, að krafan yrði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar.

Kröfur sóknaraðilja eru á því reistar, að bifreiðin R-8088 hafi við upphaf skiptameðferðar þrotabús Þorkels Guðmundssonar verið eign sóknaraðilja. Þar sem bifreiðin hafi verið seld, eigi hann rétt á söluandvirði hennar óskiptu. Verði ekki fallist á, að sóknaraðili hafi verið eigandi bifreiðarinnar, sé krafan á því reist, að sóknaraðili eigi samkvæmt hinum þinglýsta samningi tryggingarréttindi, sem leiði til þess, að söluandvirðið eigi að renna til hans.

Sóknaraðili heldur því fram, að með undirritun sinni undir samninginn á dskj. 2 hafi Þorkell Guðmundsson orðið bundinn af yfirlýsingu um, að sóknaraðili væri eigandi bifreiðar þeirrar, sem samningurinn fjallar um. Séu engir slíkir annmarkar á því skjali, er valdi ógildi þess. Því hafi ákvæði leigukaupasamningsins um eignarrétt að bifreiðinni verið í fullu gildi við upphaf skipta á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar, og geti skráning eiganda að bifreiðinni í bifreiðaskrá engu breytt að þessu leyti, enda hafi sóknaraðili aldrei afsalað Þorkatli Guðmundssyni þessari bifreið. Hafi þrotabúi Þorkels Guðmundssonar því ekki getað öðlast viðtækari rétt í þessu sambandi gagn-

vart sóknaraðilja en Þorkell átti sjálfur. Hin opinbera eigandaskráning verði þannig ekki talin skera úr um eignarrétt aðilja, enda þótt þriðji maður eigi við venjulegar aðstæður að geta treyst því, að skráður eigandi í bifreiðaskrá sé raunverulegur eigandi. Sóknaraðili telur réttarstöðu þrotabúsins að þessu leyti ekki vera hina sömu og réttarstöðu þriðja manns.

Sóknaraðili byggir enn fremur á því, að hin þinglýsta eignarheimild hans að bifreiðinni samkvæmt leigukaupasamningnum sé rétthærri en sölutilkynningin, sem varð til þess, að bifreiðin var umskráð af nafni Ingólfs Sigurgeirssonar á nafn Þorkels Guðmundssonar. Hafi leigukaupasamningnum verið þinglýst, fyrr en umskráningin átti sér stað, og njóti auk þess fullrar lögverndar samkvæmt 25. gr., sbr. 46. gr. og 43. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Telur sóknaraðili, að Bifreiðaeftirliti ríkisins hafi verið óheimilt að umskrá bifreiðina vegna hinna þinglýstu tryggingarréttinda sóknaraðilja.

Þá telur sóknaraðili sig eiga rétt til söluverðs bifreiðarinnar utan skulda-raðar samkvæmt 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1974, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/1974, á grundvelli þeirra tryggingarréttinda, sem leigukaupasamningurinn veitir sóknaraðilja. Verði að skýra skjal þetta svo, að það veiti sóknaraðilja veðrétt í bifreiðinni fyrir þeim kröfum, er samningurinn standi fyrir. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til IX. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, einkum 69. gr., 70. gr. og 72. gr., sbr. einnig 2. mgr. 24. gr., 25. gr. og 29. gr. sömu laga.

#### *Niðurstaða.*

Úrskurður verður lagður á mál þetta eftir meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

Skiptaráðandi hefur sjálfur farið með skipti á þrotabúi Þorkels Guðmundssonar og hvorki ráðið bústjóra né aðstoðarmenn til tiltekinna verkefna í þágu búsins. Þegar eftir töku búsins til gjaldþrotaskipta tók skiptaráðandi bifreiðina R-8088 í sínar vörslur. Hefur bifreiðin nú verið seld að höfðu samráði við sóknaraðilja, sem var hinn eini af kröfuhöfum, sem gerði tilkall til andvirðis hennar sérstaklega.

Sóknaraðili og Þorkell Guðmundsson gerðu hinn 27. febrúar 1986 leigukaupasamning um bifreiðina R-8088. Bifreiðin var þá skráð eign Ingólfs Sigurgeirssonar, sem áritaði samninginn um samþykki. Samhliða undirritun samningsins afhenti sóknaraðili Þorkeli Guðmundssyni kr. 1.005.340 til að ganga frá kaupum á bifreiðinni frá nefndum Ingólfi Sigurgeirssyni, en leigukaupasamningurinn greinir, hvernig Þorkell eigi að endurgreiða þá fjárhæð í formi leigu fyrir afnot af bifreiðinni með 36 greiðslum, hinni fyrstu 15. apríl 1986 og mánaðarlega eftir það. Að leigutíma loknum skyldi

hann síðan eiga kost á því að kaupa bifreiðina af sóknaraðilja á 0,1% af verðtrygððu viðmiðunarverði hennar.

Á bakhlíð leigukaupasamningsins eru prentaðir leiguskilmálar, sem eru hluti af samningnum. Segir þar m.a., að leigumunir séu eign leigusala, og megi leigutaki hvorki veðsetja þá, framselja, afhenda né leyfa aðför í þeim. Verði aðfarar krafist í eignum leigutaka eða gjaldþrotaskipti á búi hans, skuli hann strax gera leigusala viðvart, þannig að leigusali geti gætt réttar síns. Leigusali eigi rétt á að láta þinglýsa eignarrétti sínum að leigumunum á kostnað leigutaka, ef þurfa þyki, til að tryggja rétt sinn gagnvart viðsemjendum eða skuldheimtumönnum leigutaka. Um tryggingu segir í leigukaupasamningnum, að fasteignarveð í Laugarnesvegi 118, Reykjavík, standi fyrir kr. 300.000, en sú fasteign mun hafa verið eign Ingólfs Sigurgeirssonar.

Af framangreindu er ljóst, að á grundvelli fjármögnunar leigusamningsins fjármagnaði sóknaraðili kaup Þorkels Guðmundssonar á bifreiðinni R-8088 af Ingólfi Sigurgeirssyni. Leigukaupasamningurinn er dagsettur 27. febrúar 1986, en hann var afhentur til þinglýsingar hjá borgarfégeta-embættinu 26. sama mánaðar og skjalið innfært í þinglýsingabækur 3. mars 1986. Verður ekkert ráðið af málsgögnum, hvernig á því hafi staðið, að skjalið var ekki gefið út fyrr en degi síðar en það var afhent til þinglýsingar. Í þinglýsingabókum er leigukaupasamningsins getið sem kvaðar á bifreiðinni og rétt hafi vegna kvaðarinnar Þorkell Guðmundsson. Bifreiðin var eftir sem áður skráð eign Ingólfs Sigurgeirssonar, en hann hafði áritað samninginn þannig: Samþykktur Ingólfur Sigurgeirsson No. 4735-4684-275.

Telja verður ótvírætt, að kvöð sú, sem þinglýst var með skjalinu, hafi verið fólgin í réttindum Þorkels Guðmundssonar samkvæmt samningnum. Til þess að tryggja réttarstöðu sína í sambandi við ráðstöfun bifreiðarinnar var sóknaraðilja nauðsynlegt samhliða fjármögnun kaupanna að hlutast til um, að bifreiðin yrði umskráð í bifreiðaskrá af nafni Ingólfs Sigurgeirssonar yfir á nafn sóknaraðilja. Þessa gætti sóknaraðili ekki.

Hinn 12. desember 1986 var bifreiðin síðan skráð á nafn Þorkels Guðmundssonar í samræmi við tilkynningu um eigendaskipti, sem þeir Ingólfur Sigurgeirsson og Þorkell Guðmundsson undirrituðu og afhent var Bifreiðaeftirliti ríkisins. Eftir það var bifreiðin skráð eign Þorkels Guðmundssonar, og höfðu tveir aðilar látið gera í henni fjárnám til tryggingar skuldum Þorkels Guðmundssonar á árinu 1987 og fengið þeim þinglýst án athugasemda.

Pegar bú Þorkels Guðmundssonar var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 12. apríl 1988, var þrotamaður skráður eigandi bifreiðarinnar R-8088 í bifreiðaskrá. Þó svo að áður hafi verið búið að þinglýsa umræddum leigukaupa-

samningi, hefur það ekki þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, enda fer eigendaskráning vegna bifreiða ekki fram með þinglýsingu á sama hátt og gildir um t.d. fasteignir. Bifreiðin var skráð á nafn þrotamanns á grundvelli tilkynningar frá fyrri eiganda hennar, og var það skjal yngra en leigukaupasamningurinn. Var bifreiðin þar með orðin andlag aðfarar fyrir skuldheimtumenn Þorkels Guðmundssonar, hvað sem tilvist leigukaupasamningsins leið. Gjaldþrotameðferð á búi skuldara er í eðli sínu sameiginleg aðför skuldheimtumanna, og undir skiptin verða því dregnar hinar sömu eignir og ella gætu verið andlag einstaklingsbundinnar aðfarar hjá skuldaranum. Leiðir þetta þegar af gagnályktun frá ákvæði 29. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og leiðir ekki annað af ákvæðum IX. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, eins og hér stendur á. Enn fremur má benda á til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í dómasafni 1985, bls. 49. Samkvæmt því verður ekki á það fallist með sóknaraðilja, að honum beri sem eiganda umræddrar bifreiðar að fá greitt andvirði hennar úr búinu af óskiptu, svo sem hann krefst.

Ljóst er af leigukaupasamningnum, að hvergi er ráð fyrir því gert, að hinar samningsbundnu greiðslur skuli tryggðar með veðrétti í bifreiðinni R-8088. Væri slíkt enda nokkuð sérstætt, þegar haft er í huga, að leigusali og kröfuhafi samkvæmt samningnum áskilur sér sjálfur eignarrétt að hinu leigða og væri því með veðtökunni að taka veðrétt í eigin eign sinni. Fær krafa sóknaraðilja um að fá andvirði bifreiðarinnar greitt sem veðhafi í bifreiðinni því með engu móti staðist.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er það niðurstaða máls þessa, að kröfu sóknaraðilja er hafnað.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur ekki haft önnur afskipti af meðferð þrotabúsins. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarsins.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað.